

Námsáætlun í stærðfræði

8 ára · Haustönn og vorönn 2026-2027

BEKKUR	KENNARAR	ÖNN	UPPHAFS- OG LOKADAGSETNING
3. BVK 3.HEH	Björg Vigfúsína Kjartansdóttir og Hafrún Erna Haraldsdóttir	Haut- og vorönn	24. ágúst 2026 – 9. júní 2027

Það sem við ætlum að læra

Haustönn: Við munum vinna með þriggja stafa tölur og sætisgildi, klukkuna, rúmfræði, margföldun og deilingu.

Hæfniviðmið:

Notar rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtir þau rétt til útreikninga

- Nemandi getur notað grunnreikniaðferðinar fjórar.*
- Nemandi sýnir skilning á sætiskerfum.*

Nýtir sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum þrautum.

- Nýtir sér hjálpargögn til dæmis vasareiknir, málband, talnagrind og rúðustrikaða bók.*

Safna gögnum úr umhverfi sínu og getur túlkað á einfaldan hátt

- Les, safnar gögnum og vinnur með einföldum myndrit.*

Notar hugtök úr rúmfræði.

- Bera kennsl á þrívið form til dæmis kúlu, tening og sívaling.*

Áætla og mælir massa, lengd og tíma.

- Nemandi mælir massa og lengd með viðeigandi mælitækjum.*
- Nemandi þekkir bæði skífuklukku og stafræna klukku og lærir að lesa á tímatöflur.*

Vorönn: Við munum vinna með verðgildi peninga, óþekktar stærðir í jöfnum, grunnaðferðirnar fjórar, almenn brot og hnit.

Hæfniviðmið:

Þróar hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum.

- Nemandi útskýrir reiknisaðferð sína við reikniaðferðirnar fjórar.*

Nýtir sér námundun með heiltölum.

- Nemandi lærir að námunda með heilum tölum.*

Vinnur með einföld brot og hlutföll með flatarlíkani, á talnalínu og á brotastriki.

- Nemandi vinnur með einföld brot og tengir brot við hluta úr heild.*

Getur fundið eina óþekkta stærð í jöfnu með heiltölum og rökstutt lausnir sínar.

- Reiknað með óþekktum stærðum í jöfnu.*

Notar grunnaðferðir til þess að geta skilið verðgildi peninga.

- Nemandi notar grunnaðferðir í verkefnum um kaup, sölu, og verðgildi peninga.*

Gerir einfaldar tilraunir með líkum og setur í samhengi við spil.

- Nemandi spáir fyrir um mögulegar niðurstöðu í einföldum leik eða spili.*

Svona vinnum við

Vinnulag: Við munum vinna einstaklings- og hópverkefni, bæði skrifleg, verkleg og skapandi.

Kennsluhættir verða fjölbreyttir sem dæmi má nefna vinnubækur, samræður, upplýsingaleit, spil og skapandi verkefni.

Helstu verkefni og viðburðir: Unnið verður í vinnubókum og þemaverkefnum sem verður samþætt við aðrar námsgreinar um trjágróður, risaæðlur og sólkerfið.

Námsgögn: Vinnubækur eru Sproti 3a og 3b, nemendabók og æfingahefti, Stærðfræðispæjararnir, Könnun kortin, Evolytes týndu hellarnir, fjölfölduð verkefni, leikir, spil og stafrænt efni.

Heimanám: Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í þessari námsgrein. En tilfallandi verkefni gætu verið send heim til dýpkunar á námsefni.

Námsmat og mikilvægar dagsetningar

Námsmat: Unnið verður með leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir árið, kaflapróf og kannanir.

HVAÐ VERÐUR METIÐ?	MATSAÐFERÐIR OG MATSGÖGN	ÁÆTLUÐ SKIL
Kaflapróf	Kaflapróf í Sproti 3a og 3b og Evolytes	Jafnt og þétt yfir veturinn 2026-2027
Stöðu próf í janúar	Próf	31. janúar 2027
Stöðu próf í maí	Próf	31. maí 2027
Nánari upplýsingar, verkefnalýsingar og breytingar munu birtast á mentor.is		